

Bekkur: 7. bekkur

Námsgrein: Hönnun og smíði

Kennarar: Einar S. Sigurðsson

Tímafjöldi: 160 mínútur á viku í tveimur lotum, 4-5 vikur í senn, ein lota að hausti og ein að vori



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn: Verkfæri og tæki í smíðastofu og verklýsingar frá kennara.

Lykilhæfni:

Að kenna nemendum skapandi starf og efla þroska, verkfærni, verkunnáttu og gera nemandann sjálfstæðan í verki, þannig fær nemandinn þjálfun í að móta eigin hugmyndir í efnivið með þeirri verktækni og verkþekkingu sem greinin býr yfir. Nemandinn þjálfist í að nýta sér aðferðir við greiningu og úrvinnslu hugmynda, efla frumkvæði sitt, áræðni í verklegri framkvæmd, sem og að sjá notagildi hlutanna og feegurð þeirra.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Handverk	Nemandi: Kunni að nota helstu verkfæri og mælitæki rétt þegar við á. Geti greint og sagt frá þeim efnum sem unnið er með.	Leiðsagnarnám, Innlagnir, sýnikennsla, einstaklingsvinna, hópvinna og verklegar æfingar, umræður.	Einstaklingsmiðað símat þar sem hver hlutur sem nemandi lýkur er metinn með sköpun, vinnusemi, þrautseigju, samstarf/sjálfstæði og hegðun í huga. Í lok hvers verkefnis gerir nemandi sjálfsmat og verklýsingu.
Hönnun og tæki	Nemandi: Kunni að teikna hugmyndir sínar í þrívídd og geti útskýrt verkferlið með orðum í verklýsingu. Geti unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á hönnun og útlit. Læri að greina einfalda orkugjafa og tækni í umhverfinu.	Leiðsagnarnám, innlagnir, sýnikennsla, einstaklingsvinna, hópvinna og verklegar æfingar, umræður.	
Umhverfi	Nemandi: Kunni að nota réttan hlífðarbúnað og beita sér rétt við vinnu.	Innlagnir, umræður verklegar æfingar.	

	Kunni að umgangast, flokka og endurnýta hættuleg efni.		
Menningarlæsi (sjálfstæði og samvinna)	Nemandi: Geri sér grein fyrir styrkleikum sínum. Hafi tekið þátt í samstarfi, unnið að sameiginlegum markmiðum. Kunni að taka uppbyggilegri gagnrýni og að haga námi sínu og störfum í samræmi við það.	Innlagnir, umræður verklegar æfingar.	
Lykilhæfni – skapandi og gagnrýnin hugsun	Nemandi: Geti skilgreint viðmið um árangur. Geti vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.		Sjálfsmat og kennaramat.
Lykilhæfni – sjálfstæði og samvinna	Nemandi: Geti gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það. Geti gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum. Geti tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.		Sjálfsmat og jafningjamat. Kennaramat.
Lykilhæfni – ábyrgð og mat á eigin vinnu	Nemandi: Geti gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi. Geti sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim.		Sjálfsmat og kennaramat.